

í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sýknað er að svo stöddu af þeim hluta dómkrafna, sem umfram er.

Mánudaginn 24. október 1983.

Erlingur B. Thoroddsen

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Ragnari Halldóri Hall borgarfégeta
f. h. þrotabús Sælgætisgerðarinnar
Víkings h/f.**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Forgangsröð kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1982. Krefst hann þess, að krafa áfrýjanda um vinnulaun í hið stefnda þrotabú skuli teljast forgangskrafa, sbr. 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er um það deilt, hvort krafa áfrýjanda njóti forgangsréttar samkvæmt 1. tölulíð 84. gr. skiptalaga sem laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f.

Ekki var gerður neinn ráðningarsamningur milli áfrýjanda og sælgætisgerðarinnar og ekkert samið um launakjör hans. Hann var í aðalstarfi hjá öðrum vinnuveitanda og vann starf sitt að mestu eða öllu leyti heima hjá sér og utan venjulegs vinnutíma. Þar hafði hann í sínum vörslum bókhaldsgögn félagsins. Hann réð sjálfur, hvernig hann hagaði starfi sínu. Meðal gagna máls er „afrit launa-

viðtakanda“ af launaseðli með nafni áfrýjanda, dagsettum 31. júlí 1981. Á seðil þennan er aðeins skráð: „LAUN 1/1 — 31/7 '81 21.000.-“

Þegar það er virt, sem nú er rakið, verður ekki talið, að krafa áfrýjanda sé krafa fyrir laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu sælgætisgerðarinnar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. desember 1981.

Mál þetta var tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Sóknaraðili, Erlingur B. Thorðsen, Flókagötu 5, Reykjavík, gerir þá kröfu, að viðurkennt verði með úrskurði, að krafa hans í þrotabú Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f skuli teljast forgangskrafa, þar sem um vinnulaun sé að ræða.

Af hálfu varnaraðilja, þrotabús Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f, eru engar kröfur gerðar.

Með úrskurði réttarins, uppkveðnum 11. september 1981, var bú Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f, Reykjavík, nafnr. 9242 - 9881, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbertingablaði, sem út kom 7. október 1981.

Af hálfu sóknaraðilja var kröfu lýst í búið á kröfulýsingarfresti. Segir m. a. í kröfulýsingunni: „...Krafan er vegna ógreiddra vinnulauna fyrir mánuðina janúar — júlí 1981. Krafan sundurliðast svo:

Höfuðstóll	kr. 21.000.00
Vextir	— 3.475.66
Innheimtulaun	— 2.630.58
Samtals	kr. 27.106.24

Meðfylgjandi eru launseðill ... og afrit innheimtubrúfs. Kröfunni er lýst sem forgangskröfu ...“.

Hinn 23. nóvember 1981 var í skiptarétti Reykjavíkur tekin skýrsla af sóknaraðilja varðandi störf hans í þágu félagsins fyrir töku bús þess til

gjaldþrotaskipta. Skýrði hann þar m. a. svo frá, að hann hefði starfað við bókhaldsvinnu fyrir félagið frá því í febrúarmánuði sl. Hann hafi fyrst óskað eftir greiðslum launa í maí og hafi fyrirvarsmenn félagsins lofað honum greiðslu, en það hafi brugðist. Hafi m. a. komið til tals, að hann fengi laun greidd með viðskiptavíxlum, en ekki hafi þó orðið af því. Kvað hann ekki hafa verið gerðan ráðningarsamning við hann skriflega, en um það rætt, að hann héldi til haga upplýsingum um fjölda unninna vinnustunda, sem síðan yrði greitt fyrir. Kvaðst sóknaraðili hafa ætlað, að hann hafi unnið að meðaltali um 50 stundir á mánuði og reiknað sér kr. 60.00 fyrir hverja klukkustund. Aðspurður kvaðst hann bæði hafa unnið að verkefnum sínum fyrir félagið í starfsstöð þess og heima hjá sér. Hafi hann litið á sig sem starfsmann félagsins í þessu sambandi, en ekki sem sjálfstæðan verktaka, þó svo að hann hafi unnið að þessum verkefnum utan reglu-legs vinnutíma.

Með tveimur bréfum, dags. 9. desember 1981, tilkynnti skiptaráðandi lögmanni sóknaraðilja um afstöðu, sem hann hefði tekið til viðurkenningar á kröfugerð sóknaraðilja. Er þar annars vegar vikið að útreikningi vaxta, og er sá þáttur ekki til úrlausnar í máli þessu. Hins vegar er svo um að ræða afstöðu til kröfu sóknaraðilja um, að krafa hans skuli flokkuð í skuldaröð sem forgangskrafa. Segir um þetta atriði í tilkynningu skiptaráðanda til lögmannsins, að sú afstaða hafi verið tekin á skrá yfir lýstar kröfur í búíð, að hafna beri kröfu um forgangsrétt hennar, en að viðurkenna skuli kröfuna sem almenna kröfu í búíð.

Skiptafundur var haldinn 17. desember 1981 til að taka endanlega afstöðu til lýstra krafna í búíð. Var þar sótt þing af hálfu sóknaraðilja og andmælt afstöðu skiptaráðanda til viðurkenningar á umkröfðum forgangsrétti og krafist úrskurðar þar um. Af hálfu annarra kröfuhafa komu ekki fram nein viðbrögð við þessari kröfu, og verður því að leggja úrskurð á málið samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og málsútlitun sóknaraðilja.

Eins og rakið er hér að framan, er ekki deilt um fjárhæðir í máli þessu, heldur um stöðu kröfu sóknaraðilja í skuldaröð. Veltur úrlausn máls þessa á skýringu á 1. tölulið 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. lög nr. 23/1979, sbr. og 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga skulu m. a. kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þágu félags, sem féllu í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir töku bús þess til gjaldþrotaskipta, ganga næstar kröfum samkvæmt 82. og 83. gr. skiptalaganna. Samkvæmt 85. gr. laganna skulu þær kröfur, sem 82.—84. gr. tekur til, greiddar að fullu, áður en nokkuð greiðist upp í aðrar, þ. e. almennar kröfur.

Ljóst þykir, að skýra verður þröngt þær reglur, sem kveða á um for-

gangsrétt tiltekinna kröfuhafa til greiðslu úr búi. Eins og rakið var hér að framan, var sóknaraðili ekki ráðinn til starfa hjá Sælgætisgerðinni Víkingi h/f sem launþegi samkvæmt tilteknum kjarasamningi eða með sérstökum ráðningarsamningi, heldur tók hann að sér að vinna tiltekið verk fyrir félagið utan reglulegs vinnutíma fyrir tímavinnukaup, sem hann virðist hafa sett upp sjálfur. Réttarsambandið milli aðiljanna var því ekki eins og tíðkast milli vinnuveitanda og launþega, heldur verður að telja, að sóknaraðili hafi tekið umrætt verkefni að sér sem sjálfstæður verktaki. Skiptir í því sambandi ekki máli, hvar verkið var eða skyldi unnið. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðilja í máli þessu.

Ekki er krafist málskostnaðar í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Erlings B. Thoroddsen, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. október 1983.

Nr. 121/1981. **Jón Oddsson**

(sjálfur)

gegn

Ingólfinu Eggertsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Lögmannspóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. maí 1981. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum stefndu og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.